



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 7/2025 (nr. 115)

Dagsetning: 16.10. 2025 kl. 15:30-17:00

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL), Sveinn Margeirsson (SM), Berglind Víktorsdóttir (BV), varafulltrúi og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. Þurfti að víkja af fundi undir liðnum önnur mál vegna annars fundar. Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG) tilkynnti forföll. SM vék af fundi kl. 17:00 og CL kl. 17:10. Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 115. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 115
- 2) Fundargerð fundar nr. 114
- 3) Fréttir úr starfi skólans
 - a) Kynningar og samþykktir á 5 nýjum námsbrautum innan tveggja deilda skólans. - Bjarni Kristófer Kristjánsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson og Anna Guðrún Edvardsdóttir koma inn á fundinn til að kynna námsbrautirnar.
- 4) Kynning á Fiskeldis- og fiskalíffræðideild – Bjarni Kristófer Kristjánsson kemur inn á fundinn.
- 5) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 6) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 7) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 8) Önnur mál.
 - a) Stefnumótandi aðgerðir fjármála.

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar 115. Samþykkt.
2. Fundargerð fundar nr. 114 samþykkt.
3. Undir liðnum fréttir úr starfi skólans voru fimm nýjar námsleiðir kynntar og bornar upp til samþykktar. Einnig kynnti Bjarni Kristófer Kristjánsson starfsemi Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar.
 - a) Fiskeldis- og fiskalíffræðideild - Bjarni Kristófer Kristjánsson, prófessor og deildarstjóri við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild kynnti tvær nýjar námsbrautir. Báðar brautir hafa farið í gegnum hefðbundið samþykktarferli innan HH, þ.e. kennslunefnd/framhaldsnámsnefnd og framkvæmdaráðs.
 1. MS nám í sjálfbærri framleiðslu í lagareldi



2. BS nám í lagareldi

b) Ferðamáladeild

1. MA nám í sjálfbærri byggðafræði – Anna Guðrún Edvardsdóttir, rannsóknalektor við Ferðamáladeild kynnti námsbrautina
2. BA í ábyrgri stjórnun viðburða og ferðaþjónustu – Áskell Heiðar Ásgeirsson, lektor við Ferðamáladeild kynnti námsbrautina
3. Diplóma í sjálfbærni viðburðan – Áskell Heiðar Ásgeirsson, lektor við Ferðamáladeild kynnt námsbrautina

Háskólaráð lýsti yfir ánægju með þá framsýni sem deildir skólans sýna með stofnun nýrra námsbrauta í takt við þarfir samfélags og atvinnulífs og samþykkt að skólinn myndi bjóða upp á námsbrautirnar í framtíðinni. GS sat hjá við umfjöllun og samþykkt á MA námi í sjálfbærri byggðafræði og MS nám í sjálfbærri framleiðslu í lagareldi þar sem GS situr í framhaldsnámsnefnd skólans og var því búin að fjalla um námsbrautirnar á þeim vettvangi.

4. Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Áfram er unnið í verkefninu innan beggja skóla og er von á frumvarpsdrögum á allra næstu dögum um breytingu á lögum um opinbera háskóla sem heimilar opinberum háskólum að mynda háskólasamstæðum. Gert er ráð fyrir að kynna drögin fyrir rektorum og stýrihóp beggja háskóla fljótlega.
5. Rektor fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Undirbúningsvinna vegna útboðs fyrir uppbyggingu á kennslu og rannsóknastöðu á Sauðárkróki fyrir áfanga 1 og 2 er hafin. Áfangi 1. Lagareldishús á Sauðárkróki - 876 fm. Áfangi 2. Kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki – u.þ.b. 1500-2000 fm. Vinnslutillaga v/deiliskipulags v/áfanga 1 og 2 að Borgarflöt 35, Sauðárkróki verður auglýst til umsagnar í Skiplagsgátt næstu tvær vikurnar. Síðan verður endanlega tillaga auglýst í 6 vikur. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag lóðarinnar verði klárt í lok árs. Frumathugun og hönnun á nýju húsnæði Hestafræðideildar Háskólans á Hólum á Hólum í Hjaltadal hefur ekki hafist. Einnig hefur þarfagreining v/kaupa á Brúnastöðum ekki hafist. Ferðamáladeild hefur lýst yfir áhuga á að vera með meginstarfsemi deildarinnar á Sauðárkróki. Vegna lélegra loftgæða á þriðju hæð aðalbyggingar HH mun hluti af starfsseminni færast niður á Sauðárkrók á næstu mánuðum í húsnæði á Faxatorgi. Þannig verður hægt að rýma skrifstofur á þriðju hæðinni. Verið er að skoða að færa Hestafræðideild og kennslustofur í færanlegar húseiningar niður á hesthúsasvæði.
6. Rektor fór yfir stöðuna á vinnu framkvæmdahóps á vegum forsætisráðuneytisins um endurreisn Hóla í Hjaltadal. Nefndin hefur verið í þétu sambandi við stjórnendur HH og er vongóð um að skila af sér minnisblaði til forsætisráðherra á næstunni.
7. Önnur mál
 - a) Rektor útskýrði að ekki væri tímabært að fara í vinnu við stefnumótandi aðgerðir í fjármálum þar sem vinna við stefnumótun HH er á byrjunarreit og mun vinnast með stefnumótun háskólasamstæðu. Mikilvægt að



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

stefnumótandi aðgerðir í fjármálum taki mið af stefnu í fjármálum sem mótuð
verður í vinnunni framundan.

Fundi slitið kl. 17:25